



Skýrsla sveitarstjóra -Sveitarstjórnarfundur 8. nóvember 2016-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

- **Fjárhagsáætlun 2017**

Fjárhagsáætlunarvinna vegna ársins 2017 er í fullum undirbúningi og er stefnt að fyrri umræðu í sveitarstjórn þann 22. nóvember 2016 og þeirri síðar hálfum mánuði síðar eða þann 6. desember n.k

- **Framkvæmdir**

- Verið er að skipta um glugga að framan í efsta húshluta blokkarinnar.
- Borist hefur lóðarumsókn um lóð ofan við Pósthúsið. Hugmyndin er að byggja 400-500 fm iðnaðarhúsnæði fyrir starfsemi MS á Blönduósi.
- Verið er að leggja síðustu hönd við lagningu ljósleiðarakerfisins. Verið er að tengja síðustu bæina í Langadalnum og ólokið er að tengja nokkra brunna. Míla áætlað að ljúka tengingum í símstöð um miðjan nóvember og stefnt er á að verkið verði fulllokið um næstu mánaðarmót. Stefnt er að fara í útboð á sölu á ljósleiðarakerfi í dreifbýli Blönduósbæjar fyrir áramót. Uppgjör vegna ljósleiðaraverkefnisins er að verða lokið.
- Framkvæmdir við brúnna halda áfram. Við lagfæringu á brúnni kom í ljós að steypa á suðurhluta brúarinnar er ónýtt. Þetta þýðir að brjóta þarf þann hluta sem ónýttur er og áætlað Vegagerðin að verkið frestist um 1- 2 mánuði vegna þessa og ljúki í janúar/febrúar.